

Tinova Wood Base Oil

Grunnolía

Efnislýsing

Tinova Wood Base Oil er fljótandi, glær viðarvörn sem notuð er gegn fúasveppi og grágeit á við. Efnið er borið á með pensli eða því úðað á viðinn. Tinova Wood Base Oil er grunnolía sem myndar ekki filmu, hún smýgur vel inn í viðinn, veitir mikla vernd gegn raka og kemur í veg fyrir sprungumyndun.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil og þá sérstaklega vel gljúpa fleti eins og endatré og fleti sem mikið mæðir á.
2. Grunnið alla fleti með Tinova Primer Exterior). Sleppa má þessum milligrunni ef notað er Tinova VX 2 in 1 Exterior.
3. Málið tvær umferðir yfir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö.

Tinova Wood Base Oil er einnig notuð sem grunnur undir hálf-þekjandi efni s.s. Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt. Ef á honum er mygla eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vandlega á eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Fjarlægjið alla gamla og lausa málningu. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Þussið af gráma og fúa í viði uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Ber viður skal gegndreyptur með með Tinova Wood Base Oil. Síðan er hann grunnaður með Tinova Primer Exterior. Sleppa má þessum milligrunni ef málað er með Tinova VX 2 in 1 Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir af þekjandi málningu frá Nordsjö.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Þurrktími við 23°C/50% raka: 4 klst.

Yfirmálun við 23°C/50% raka: eftir 24 klst.

Loft-/yfirborðshitastig við málun: minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Nýmálun 4,5-5,5 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými